
VINAMINNI – MAT Á LEIKSKÓLASTARFI



Nóvember 2018

Inngangur	4
Leikskólinn Vinaminni	4
Greining	5
Stjórnun - samantekt	7
Styrkleikar	7
Tækifæri til umbóta	7
Uppeldis og menntastarf	9
Styrkleikar	9
Tækifæri til umbóta	9
Mannauður	11
Styrkleikar	11
Engin sérstök tækifæri eru til umbóta	11
Leikskólabragur	12
Styrkleikar	12
Tækifæri til umbóta	12
Innra mat	13
Styrkleikar	13
Tækifæri til umbóta	13
Viðmiðaraminn	14

Ritun skýrslu og fylgiskjala:

Auður Ævarsdóttir

Ásdís Olga Sigurðardóttir

Kristín Hildur Ólafsdóttir

Sigríður Marteinsdóttir

INNGANGUR

Í skýrslu þessari er greint frá niðurstöðum mats í leikskólanum Vinaminni sem fram fór í október 2018. Matið var framkvæmt af starfsfólki skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

Meginstef ytra mats í leikskólum er það sama og á öðrum stofnunum skóla- og frístundasviðs: að matið sé leiðbeinandi, framfara- og umbótamiðað og stuðli að betra skóla- og frístundastarfi.

Leiðarljós matsins er það sama og sviðsins í heild; að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.

Til grundvallar matinu eru viðmið um gæði á fimm sviðum leikskólastarfs:

- I. Stjórnun
- II. Uppeldis- og menntastarf
- III. Mannauður
- IV. Leikskólabragur
- V. Innra mat

Með því að hafa skýr viðmið er leitast við að tryggja, að svo miklu leyti sem slíkt er unnt, að allir leikskólar fái sambærilegt ytra mat. Einnig er gert ráð fyrir að viðmiðin og önnur matsgögn nýtist leikskólum við innra mat.

Matið fór fram í október 2018 og átti gagnaöflun í leikskólanum sér stað 22.-29. október. Matið byggir á gögnum leikskólans ásamt niðurstöðum viðtala og rýnihópa starfsfólks, foreldra og barna, svörum við foreldrakönnun, starfsmannakönnun og vettvangsathugunum á öllum deildum leikskólans.

LEIKSKÓLINN VINAMINNI

Leikskólinn Vinaminni tók til starfa árið 1994 og er staðsettur við Arparfell 10 - 12, 109 Reykjavík.

Í leikskólanum eru 4 deildir og 86 börn voru á leikskólanum í október 2018. 1-2 ára börnin eru á Álfasteini, 2-3 ára börnin eru á Dvergasteini, 3-4 ára börnin eru á Völusteini og 4- 6 ára börnin eru á Töfrasteini.

Leikskólastjóri er Sólveig Einarsdóttir og aðstoðarleikskólastjóri er Pernille Tönder.

Við leikskólann starfa 26 starfsmenn í 23,5 stöðugildum, þar með talinn leikskólastjóri, starfsmenn í eldhúsi, afleysingum og við ræstingu. Stjórnunarhlutfall á Vinaminni er 130%. Fjórir starfsmenn eru með leikskólakennaramenntun, þar af eru þrír deildarstjórar, tveir þeirra eru jafnframt leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri. Sérkennslustjóri (75%) er einnig leikskólastjóri. Einn deildarstjóri er menntaður í þroskaþjálfrafræðum. Einn starfsmaður er með háskólapróf, tveir starfsmenn eru leikskólaliðar og 14 starfsmenn eru ófaglærðir leiðbeinendur. Tveir karlmenn starfa í leikskólanum.

Styrkleikar

Stefna leikskólans og markmið endurspeгла að áhersla er lögð á alhliða nám, heilbrigði, velferð og vellíðan allra barna. Leikskólinn hefur sett sér einkunnarorð/gildi í leikskólastarfinu. Stefna leikskólans birtist á heimasíðu leikskólans.

Leikskólastjóri leggur rækt við samskipti við börn, starfsfólk og foreldra í daglegu starfi. Starfsfólk finnur að framlag þeirra til leikskólans er metið. Samstarf einkennist af uppbyggilegum samskiptum og gagnkvæmu trausti aðila. Skólanámskrá og starfsáætlun eru lagðar fyrir foreldraráð til umsagnar og skóla- og frístundaráð til staðfestingar.

Skipulag húsnæðis gefur kost á samskiptum og samstarfi allra í leikskólanum. Fjölbreytt úrval af leik- og námsefni er til staðar. Umhyggja einkennir samskipti starfsfólks við börnin og markvisst er unnið að því að efla heilbrigði og vellíðan barna og það endurspeglast bæði í námskrá og starfi. Teymi er myndað um börn með alvarleg frávík. Foreldrar eru reglulega upplýstir um niðurstöður mats á námi og stöðu barna þeirra.

Leikskólakennara/deildarstjórar eru fyrirmyndir í viðmóti og samskiptum við börn. Samstarf og samábyrgð starfsfólks innan deilda er sýnilegt. Farvegur er fyrir samstarf barna og starfsfólks milli deilda.

Starfsfólk, leiðbeinir, hvetur og styður hvert annað. Starfsfólk er ánæggt með samskipti í leikskólanum.

Andrúmsloftið í leikskólanum er afslappað og notalegt. Jákvæður andi, gleði, gagnkvæm virðing og traust ríkir á milli allra. Börnunum líður vel í leikskólanum. Börnin eru glöð og áhugasöm.

Foreldrum eru gefin tækifæri til að fylgjast með námi barna sinna í leikskólanum. Reglulega er boðið upp á foreldrasamtöl.

Foreldrar eru ánægðir með stefnu leikskólans. Foreldrar upplifa að markvisst sé unnið að stefnu leikskólans. Foreldrar telja að barninu þeirra líði vel í leikskólanum og eru ánægðir með samskipti og viðmót starfsfólks. Foreldrum finnst þeir vera velkomnir í leikskólann.

Tækifæri til umbóta

Einkunnarorð/gildi leikskólans séu sýnileg í leikskólanum og í starfi hans. Í stefnu leikskólans komi fram að lögð sé áhersla á lýðræðisleg vinnubrögð í leikskólastarfinu og einkenni starf hans. Virk áætlun sé til um samstarf við grunnskóla í hverfinu.

Stjórnendur séu vakandi fyrir samstarfsmöguleikum og hvetji starfsfólk til þátttöku í verkefnum innan og utan leikskólans. Starfsfólk taki þátt í gerð skólanámskrár og samráð sé haft við börn og foreldra eftir því sem við á. Gera áætlun um jafnrétti byggða á 23. grein jafnréttislaga 10/2008.

Börnum sé gefið tækifæri til að hafa raunveruleg áhrif á skipulag leikskólastarfsins. Leitað sé eftir hugmyndum barna og þau studd í að útfæra og framkvæma þær. Fjölbreyttar leiðir séu farnar til að fá fram sjónarmið barna. Unnið verði markvisst að uppeldi til sjálfbærni, eflingu vísinda og það endurspeglar bæði í námskrá og starfi. Unnið sé markvisst með menningu í leikskólanum og það endurspeglar bæði í námskrá og starfi.

Verkferlar vegna sérfræðiþjónstu séu skýrir og aðgengilegir bæði starfsfólki og foreldrum.

Áætlun sé til um mat á námi og velferð barna. Börn taki þátt í að meta nám sitt.

Börn fá tækifæri til að setja sér markmið og koma með tillögur að leiðum í eigin námi. Að áherslur aðalnámskrár og skólanámskrár endurspeglar í starfinu. Fundir foreldraráðs séu boðaðir með dagskrá og fundargerðir gerðar aðgengilegar á heimasíðu leikskólans.

Í skólanámskrá sé umfjöllun um helstu leiðir sem leikskólinn fer við að meta innra starf sitt. Áætlun um innra mat nokkur ár fram í tímann liggja fyrir. Áætlun um innra mat á skólaárinu liggja fyrir. Í skólanámskrá sé fjallað um hvernig markmið leikskólans eru metin. Í greinargerð um innra mat sé fjallað um að hve miklu leyti markmið hafa náðst. Við öflun gagna sé leitað eftir sjónarmiðum þeirra hagsmunaaðila sem hlut eiga að máli.

Framkvæmd innra mats sé samstarfsverkefni þeirra sem starfa í leikskólanum. Í greinargerð um innra mat komi fram helstu upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður. Í greinargerð um innra mat sé greining á styrkleikum og tækifærum til umbóta. Að umbótaáætlun sé í samræmi við niðurstöður og greiningu á styrkleikum og tækifærum til umbóta. Umbótum sé kerfisbundið fylgt eftir.

STJÓRNUN - SAMANTEKT

Í viðmiðum um stjórnun er fjallað um stjórnandann sem faglegan leiðtoga, stjórnun leikskólans og daglegan rekstur, faglegt samstarf, leikskólaþróun og símenntun, skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur.

STYRKLEIKAR

- Leikskólinn hefur sett sér einkunnarorð/gildi í leikskólastarfinu
- Stefna leikskólans birtist á heimasíðu leikskólans
- Stefna leikskólans og markmið endurspeglar að áhersla er lögð á alhliða nám, heilbrigði, velferð og vellíðan allra barna
- Leikskólastjóri leggur rækt við samskipti við börn, starfsfólk og foreldra í daglegu starfi
- Starfsfólk finnur að framlag þeirra til leikskólans er metið
- Við ráðningu nýrra starfsmanna er gætt að vanhæfni til meðferðar máls vegna ættingja eða tengdra aðila
- Unnið er eftir verklagsreglum um móttöku nýrra starfsmanna
- Starfsfólk fær samningsbundinn undirbúningstíma
- Allt starfsfólk undirritar skjal um trúnað og þagnarskyldu
- Persónuupplýsingar eru varðveittar í læstum hirslum eða í læstum skráum í tölvum
- Starfsfólk fær reglulega fræðslu um öryggismál og slysavarnir
- Samstarf einkennist af uppbyggilegum samskiptum og gagnkvæmu trausti aðila
- Leikskólinn nýtir sér ráðgjöf og stuðning frá skrifstofu SFS/þjónustumiðstöð
- Stjórnendur bera ábyrgð á að innra mat sé framkvæmt
- Leikskólastjóri hefur forgöngu um reglulega endurskoðun skólanámskrár
- Skólanámskrá er lögð fyrir foreldraráð til umsagnar og skóla- og frístundaráð til staðfestingar
- Skólanámskrá er birt á heimasíðu leikskólans og/eða á annan aðgengilegan hátt
- Starfsáætlun er lögð fyrir foreldraráð til umsagnar og skóla- og frístundaráð til staðfestingar
- Starfsáætlun er birt á heimasíðu leikskólans og/eða á annan aðgengilegan hátt
- Áætlun um upphaf leikskólagöngu barna er til og unnið er samkvæmt henni

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

- Einkunnarorð/gildi leikskólans séu sýnileg í leikskólanum og í starfi hans
- Leikskólastjóri sjái til þess að mótun stefnu leikskólans sé samvinnuverkefni starfsfólks, barna og foreldra
- Að stjórnendateymi fylgist reglulega með hvernig gengur að vinna að stefnunni og metur framfarir
- Leikskólastjóri hvetji leikskólakennara og annað starfsfólk til að auka sífellt gæði náms og starfs
- Að stjórnendateymi skipti með sér verkum við stjórnun og miðli upplýsingum sín á milli
- Við ráðningu nýrra starfsmanna sé aflað upplýsinga frá sakaskrá
- Starfsþróunarsamtöl verði tekin a.m.k. einu sinni á ári
- Að niðurstöður starfsþróunarsamtala séu skráðar og þeim fylgt eftir
- Verklagsreglur um meðferð ágreinings- og eineltismála í starfsmannahópnum liggi fyrir og unnið sé eftir þeim
- Í stefnu leikskólans komi fram að lögð sé áhersla á lýðræðisleg vinnubrögð í leikskólastarfinu

- Að lýðræðisleg vinnubrögð einkenni samstarf í leikskólanum
- Virk áætlun sé til um samstarf við grunnskóla í hverfinu
- Virkt samstarf sé við aðila í grendarsamfélaginu
- Stjórnendur séu vakandi fyrir samstarfsmöguleikum og hvetji starfsfólk til þátttöku í verkefnum innan og utan leikskólans
- Leikskólastjóri hvetji til og veiti svigrúm fyrir þróunarstarfi í leikskólanum
- Þróunaráætlun og /eða umbótaáætlun byggji á stefnu leikskólans og innra og/ytra mati á starfinu
- Símenntunaráætlun endurspegli áherslur leikskólans sem birtast í skólanámskrá
- Samræmi sé milli símenntunaráætlunar og umbótaáætlunar leikskólans
- Starfsfólk sé hvatt til að leita fjölbreyttra leiða til að efla sig í starfi
- Leikskólastjóri haldi skrá yfir símenntun og þekkingu einstakra starfsmanna
- Í skólanámskrá séu birtar þær upplýsingar sem aðalnámskrá og stefnuskjöl skóla- og frístundasviðs tilgreina að þar skuli birtast
- Starfsfólk taki þátt í gerð skólanámskrár og samráð sé haft við börn og foreldra eftir því sem við á
- Í starfsáætlun séu birtar þær upplýsingar sem aðalnámskrá og stefnuskjöl skóla- og frístundasviðs tilgreina að þar skuli birtast
- Starfsáætlun sé unnin árlega með þátttöku aðila leikskólasamfélagsins
- Starfsmannahandbók verði til á deildum og sé uppfærð reglulega
- Verklagsreglur um viðbrögð við slysum liggi fyrir og séu aðgengilegar öllum
- Unnið sé eftir verklagsreglum og viðbrögðum við slysum
- Að áætlun um viðbrögð við áföllum sé til
- Öryggis- og rýmingaráætlun liggi fyrir
- Að starfsfólk þekki til verklagsreglna um tilkynningaskyldu til barnaverndarnefnda
- Gera áætlun um jafnrétti byggða á 23. grein jafnréttislaga 10/2008

UPPELDIS OG MENNTASTARF

Í viðmiðum um uppeldis og menntastarf er fjallað um skipulag náms og námsaðstæður, uppeldi, menntun og starfshætti, leik og nám (lýðræði, jafnrétti og þáttöku barna), námssvið leikskólans, leikskóli án aðgreiningar, mat á námi og velferð barna.

STYRKLEIKAR

- Skipulag húsnæðis gerir ráð fyrir ólíkum viðfangsefnum barna
- Skipulag húsnæðis gefur kost á samskiptum og samstarfi allra í leikskólanum
- Möguleikar húsnæðis og útileiksvæðis til leiks og náms eru nýttir
- Skipulag húsnæðis ber þess merki að unnið er að góðri hlóðvist
- Fjölbreytt úrval af leik- og námsefni er til staðar
- Dagskipulag er endurmetið reglulega til að mæta þörfum barnanna
- Umhyggja einkennir samskipti starfsfólks við börnin
- Unnið er markvisst að því að efla heilbrigði og vellíðan barna og það endurspeglast bæði í námskrá og starfi
- Leikskólakennarar, þroskaþjálfar eða starfsfólk með sambærilega menntun starfa innan leikskólans
- Teymi er myndað um börn með alvarleg frávik
- Samstarf og samvinna er við sérfræðinga/sérfræðipjónustu utan leikskólans
- Upplýsingum um börn með sérþarfir er skilað til grunnskóla með skipulögðum hætti
- Leikskólinn nýtir sér ráðgjöf og stuðning frá þjónustumiðstöð hverfis
- Viðurkenndar matsaðferðir og skimanir eru notaðar þegar við á
- Foreldrar eru reglulega upplýstir um niðurstöður mats á námi og stöðu barna þeirra

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

- Rými sé til að veita sérfræðipjónustu
- Vinnuaðstaða fyrir starfsfók sé góð, s.s. til undirbúnings, samráðs, funda og sérkennslu
- Börnum sé gefið tækifæri til að hafa raunveruleg áhrif á skipulag leikskólastarfsins
- Börnin hafi áhrif á viðfangsefni skipulagðra stunda
- Leitað sé eftir hugmyndum barna og þau studd í að útfæra og framkvæma þær
- Börnin komi reglulega að mati á leikskólastarfi
- Leitað sé leiða til að fá fram raddir barna sem enn hafa ekki öðlast næga færni í tungumálinu
- Fjölbreyttar leiðir séu farnar til að fá fram sjónarmið barna
- Í samvinnu við börnin sé leitast við að taka þátt í samfélagsverkefnum, s.s. umhverfisvernd og góðgerðarstarfsemi
- Börnin hafi val um viðfangsefni í skipulögðum stundum og frjálsum leik
- Unnið verði markvisst að uppeldi til sjálfbærni og það endurspeglast bæði í námskrá og starfi
- Unnið sé markvisst að eflingu vísinda meðal barna og það endurspeglast bæði í námskrá og starfi
- Unnið sé markvisst með menningu í leikskólanum og það endurspeglast bæði í námskrá og starfi
- Lögð verði áhersla á að íhlutun fari sem mest fram í daglegu starfi og leik
- Einstaklingsnámskrár séu gerðar fyrir börn sem þurfa sérstakan stuðning
- Einstaklingsnámskrár séu endurskoðaðar reglulega
- Foreldrar komi að gerð og endurmati á einstaklingsnámskrá barnsins

- Starfsfólk fái upplýsingar og stuðning til að framfylgja markmiðum einstaklingsnámsskrár
- Starfsfólk sækir námskeið til að auka fagþekkingu sína á þroskafrávikum og sérúrræðum barna í leikskólanum
- Að allt starfsfólk sé upplýst um sérþarfir barna sem dvelja í leikskólanum
- Farið sé eftir ákveðnum ferli ef grunur vaknar um frávik hjá barni
- Verkferlar vegna sérfræðiþjónstu séu skýrir og aðgengilegir bæði starfsfólki og foreldrum
- Mati, úrræðum og verkefnum sé fylgt eftir með skipulögðum hætti
- Áætlun sé til um mat á námi og velferð barna
- Reglulegar skráningar séu gerðar á framförum allra barna
- Mat á hæfni, námi og velferð barna taki til margra þátta
- Fjölbreytt gögn séu lögð til grundvallar mati á námi og stöðu barna
- Að mat á námi og stöðu barna byggir á samvinnu leikskóla og foreldra
- Aðferðir sem notaðar eru til að meta nám og stöðu barna séu endurmetnar reglulega
- Börn taki þátt í að meta nám sitt
- Börn fái tækifæri til að setja sér markmið
- Börn fái tækifæri til að koma með tillögur að leiðum í eigin námi
- Skráningar séu nýttar til að gera styrkleika, áhuga og getu barnanna sýnilega og skipuleggja næstu skref í starfi með þeim
- Að skráningar séu varðveittar með skipulögðum hætti
- Að starfsfólk fái leiðbeiningar og stuðning við gagnasöfnun og skráningu

MANNAUÐUR

Í viðmiðum um mannauð er fjallað um hlutverk leikskólakennara, fagmennsku starfsfólks og starfsánægju.

STYRKLEIKAR

- Leikskólakennarar eru fyrirmyndir í viðmóti og samskiptum við börn
- Leikskólakennarar veita foreldrum ráðgjöf og fræðslu þegar við á
- Starfsfólk er ánægt með markmið og stefnu leikskólans
- Starfsfólk er ánægt með framkvæmd stefnunnar í leikskólanum
- Samstarf og samábyrgð starfsfólks innan deilda er sýnilegt
- Farvegur er fyrir samstarf barna og starfsfólks milli deilda
- Starfsfólk, leiðbeinir, hvetur og styður hvert annað
- Deildarfundir eru vettvangur faglegra skoðanaskipta og upplýsingamiðlunar
- Starfsfólk er stolt af starfi sínu
- Starfsfólk hefur trú á gæðum leikskólastarfsins
- Starfsfólki líður vel í vinnunni
- Starfsfólk er ánægt með starfsandann í leikskólanum
- Starfsfólk er ánægt með samskipti í leikskólanum

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

- Að áherslur aðalnámskrár og skólanámskrár endurspeglar í starfinu
- Starfsfólk sækir símenntun
- Hugmyndum um nýjungar í starfsháttum sé vel tekið

LEIKSKÓLABRAGUR

Í viðmiðum um leikskólabrag er fjallað um viðmót og menningu, velferð og líðan barna, þátttöku foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun og viðhorf foreldra.

STYRKLEIKAR

- Andrúmsloftið í leikskólanum er afslappað og notalegt
- Jákvæður andi og gleði ríkir
- Gagnkvæm virðing og traust ríkir á milli allra
- Kurteisi, virðing og umhyggja einkennir samskipti
- Virðing er borin fyrir einstaklingnum og tillit tekið til ólíkra sjónarmiða
- Starfsfólk er samhent í starfi
- Börnunum líður vel í leikskólanum
- Börnin eru glöð og áhugasöm
- Áherslur í foreldrasamstarfi liggja fyrir þ.m.t upplýsingagjöf til foreldra
- Foreldrar taka virkan þátt í viðburðum á vegum leikskólans
- Foreldrum eru gefin tækifæri til að fylgjast með námi barna sinna í leikskólanum
- Reglulega er boðið upp á foreldrasamtöl
- Túlkaþjónusta er notuð í foreldrasamtölum þegar við á
- Upplýsingum er miðlað til foreldra með reglubundnum og fjölbreyttum hætti
- Heimasíða leikskólans er virk og inniheldur hagnýtar upplýsingar
- Fulltrúar í foreldraráði eru lýðræðislega valdir af sínum hópi
- Foreldrafélag er starfandi við leikskólann
- Foreldrafélag er virkur samstarfsaðili leikskólans, styður við leikskólastarfið og skipuleggur viðburði
- Foreldrar eru ánægðir með stefnu leikskólans
- Foreldrar upplifa að markvisst sé unnið að stefnu leikskólans
- Foreldrum finnst komið til móts við þarfir og réttindi barns síns
- Foreldrar telja að barninu þeirra líði vel í leikskólanum
- Aðbúnaður barnanna er góður að mati foreldra
- Foreldrar eru ánægðir með samskipti og viðmót starfsfólks
- Foreldrum finnst þeir vera velkomnir í leikskólann
- Leitast er við að koma til móts við óskir foreldra

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

- Börnin séu þátttakendur í að búa til reglur þegar það á við
- Foreldrar séu hvattir til þátttöku í leikskólastarfinu og þróun þess
- Starfsfólk sé lausnamiðað í samskiptum við foreldra með annað móðurmál en íslensku og nýti fjölbreyttar leiðir til samskipta
- Að skipulagt verklag sé í leikskólanum þegar ræða þarf við foreldra um viðkvæm mál
- Hagnýtar upplýsingar á erlendum tungumálum séu á heimasíðu leikskólans
- Foreldraráð fundi reglulega og setji sér starfsáætlun og vinnureglur
- Fundir foreldraráðs verði boðaðir með dagskrá og fundargerðir séu aðgengilegar á heimasíðu leikskólans

INNRA MAT

Í viðmiðum um innra mat er fjallað um skipulag og viðfangsefni, gagnaöflun og vinnubrögð, opinbera birtingu og umbætur.

ENGIR STYRKLEIKAR KOMU FRAM

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

- Í skólanámskrá sé umfjöllun um helstu leiðir sem leikskólinn fer við að meta innra starf sitt
- Áætlun um innra mat nokkur ár fram í tímann liggi fyrir
- Áætlun um innra mat á skólaárinu liggi fyrir
- Mat á starfsháttum fari fram reglulega
- Mat og ígrundum leikskólakennara og annara starfsmanna á eigin starfsháttum verði liður í daglegu starfi þeirra
- Í skólanámskrá sé fjallað um hvernig markmið leikskólans eru metin
- Öll markmið skólanámskrár séu metin markvisst og reglubundið með einhverjum hætti
- Leiðir að markmiðum s.s. verkefni, aðgerðir, áætlanir og verkferlar, séu hluti af innra mati
- Fyrir hvert markmið séu skilgreind viðmið um þann árangur sem stefnt er að
- Í greinargerð um innra mat sé fjallað um að hve miklu leyti markmið hafi náðst
- Að fjölbreyttar aðferðir séu notaðar við gagnaöflun
- Gætt sé að því að innra mat byggji á margvíslegum gögnum
- Gagna er aflað með aðferðum sem hæfa viðfangsefninu
- Ganga er aflað með aðferðum sem hæfa þeim hópum sem leitað er uppýsinga hjá
- Ef fyrir liggja niðurstöður úr ytra mati séu þær nýttar í innra matið
- Að starfsfólk leikskólans taki þátt í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati
- Að foreldrar taki þátt í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati, t.d. með aðkomu foreldraráðs
- Framkvæmd innra mats sé samstarfsverkefni þeirra sem starfa í leikskólanum
- Við öflun gagna sé leitað eftir sjónarmiðum þeirra hagsmunaaðila sem hlut eiga að máli
- Þegar niðurstöður innra mats liggja fyrir eiga sér stað samræður meðal hagsmunaaðila um þróun og umbætur
- Greinargerð um innra mat sé birt á heimasíðu leikskólans eða með öðrum opinberum hætti
- Í greinargerð um innra mat komi fram helstu upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður
- Í greinargerð um innra mat sé greining á styrkleikum og tækifærum til umbóta
- Niðurstöður úr innra mati séu formlega kynntar helstu hagsmunaaðilum
- Umbótaáætlanir séu birtar á heimasíðu leikskólans eða með öðrum opinberum hætti
- Að umbótaáætlun sé í samræmi við niðurstöður og greiningu á styrkleikum og tækifærum til umbóta
- Áætlanir um umbætur séu bornar undir foreldraráð og skóla- og frístundasvið
- Í umbótaáætlun séu tilgreindar markvissar aðgerðir til að ná þeim markmiðum sem ekki hafa náðst út frá þeim viðmiðum sem sett voru
- Að brugðist sé við niðurstöðum sem gefa til kynna að umbóta sé þörf þó að þær snúi ekki beint að þeim markmiðum sem metin voru
- Umbótaáætlun sé tímasett og hún skilgreinir ábyrgðaraðila fyrir umbótunum
- Tilgreint sé í umbótaáætlun hvenær og hvernig á að meta árangur aðgerða
- Umbótum sé kerfisbundið fylgt eftir
- Starfsfólk og foreldrar geti á öyggjandi hátt nefnt dæmi um umbætur sem innra mat leikskólans hefur leitt til

VIÐMIÐARAMMINN

Meðaltalsútkoma í hverjum undirkafla skýrslunnar.

Stjórnun	Uppeldis- og menntastarf	Mannauður	Leikskólabragur	Innra mat
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Skipulag náms og námsaðstæður	Hlutverk leikskólakennara	Viðmót og menning	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur	Uppeldi, menntun og starfshættir	Fagmennska starfsfólks	Velferð og líðan barna	Gagnaöflun og vinnubrögð
Faglegt samstarf	Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Starfsánægja	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Opinber birting og umbætur
Leikskólaþróun og símenntun	Námssvið leikskólans		Viðhorf foreldra	
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	Leikskóli án aðgreiningar/ leikskóli margbreytileikans			
	Mat á námi og velferð barna			

Myndin sýnir meðaltalsútkomu í hverjum undirkafla skýrslunnar.

Dökkgrænt – mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Ljósgrænt – gott verklag og flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

Gult verklag – verklagi ábótavant, einhverjir mikilvægir þættir krefjast úrbóta.

Rautt – óviðunandi verklag.